

Nd.

331. Nefndarálit

[158. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Ljóst er að löngu er orðið tímabært að endurskoða tekjakerfi ríkisins frá grunni, þar á meðal ekki síst að einfalda tekjuskatta hins opinbera í heild sinni og grísa frádráttarfrumskóginn jafnframt því sem tekjuskattur ríkisins af venjulegum launatekjum yrði afnuminn. Þetta verður ekki gert hér og nú. Hins vegar verður að skoða þá mynd sem við blasir við, þ.e. fyrirhuguð áform um skattlagningu samkvæmt gildandi kerfi og freista þess að lagfæra hana.

Þegar ákveða á álagningu tekjuskatts á vegum ríkisins er nauðsynlegt að hafa í huga aðra skatta á vegum hins opinbera, ríkis- og sveitarfélaga, sem lagðir eru á gjaldendur á grundvelli tekna. Heildarmyndin er það sem máli skiptir. Auk tekjuskatts til ríkisins verður þannig að líta á sjúkratryggingargjald, sóknargjald og útsvar.

Jafnframt er nauðsynlegt að skoða heildarálagninguna sem hlutfall af greiddum launum. Í því felst að líta á álagningarstofn sem hlutfall af útborguðum launum og jaðarprósentur skatts miðað við þau laun sem framteljendur fá í hendur.

Flestir munu nýta svonefndan 10% frádrátt frá tekjum til ákvörðunar á tekjuskattsstofni og verður við það miðað hér. Á hinn bóginn eru lífeyrissjóðsiðgjöld, sem nema yfirleitt um 4% af tekjum, ekki útgreidd.

Af þessu leiðir að tekjuskattsstofn sem hlutfall af útborguðum launum er 93,75% (0,90/0,96). Af þessu leiðir jafnframt að álagningarstofn útsvars, sjúkratryggingargjalds og sóknargjalds er 104,2% (1,00/0,96) af útgreiddum launum (af því að lífeyrissjóðsiðgjöld eru ekki útgreidd í launum).


Ef heildarskattmyndin er skoðuð miðað við fyrirbyggjandi tillögur meiri hl. nefndarinnar og önnur áform eins og þau blasa við, þ.e. 10,5% útsvarsálagningu, þar sem afsláttur vegna fjölskyldu er 4009 kr. og lægsta greidda útsvar er 1166 kr., sjúkratryggingargjald er 2% og sóknargjald er 0,35%. Þá fæst svofelld niðurstaða og er þá miðað við útgreidd laun:

1. Útsvarslausar tekjur eru 47 300 kr. á ári.
2. Persónuafsláttur nýtist til greiðslu útsvars að fullu allt að 224 260 kr. á ári.
3. Skattleysismörk tekjuskatts eru við árstekjurnar 345 900 kr.

4. Jaðarprósentur ofantaldra tekjutengdra skatta eru þessar:

Mánaðartekjur.	
Allt að 18 700 kr.	0,0%
18 700 til 28 800 kr.	0–11,3%
28 800 til 36 600 kr.	28,2%
36 600 til 42 200 kr.	30,3%
42 200 til 73 300 kr.	40,2%
73 300 kr. og meira	49,5%

Heildarmyndin verður þá þessi.



Í tekjutengda skatta fara þannig 40,20 kr. af hverjum 100 kr. sem menn vinna sér inn umfram 42 200 á mánuði, allt að 73 300 kr. mánaðartekjum, en 49,50 af hverjum 100 kr. sem menn fá í útgreidd laun umfram 73 300 kr. á mánuði.

Samkvæmt upplýsingum um útgreidd laun má af þessu ráða að venjulegt fullfrískt vinnandi fólk lendi að stórum hluta í þessum efstu skattþrepum og greiði þannig 40 eða 50% af jaðartekjum sínum í tekjutengda skatta. Þótt hér sé einungis tekið dæmi af einstaklingi er það hliðstætt fyrir hjón því að tekjur hjóna eru skattlagðar sitt í hvoru lagi.

Undirritaður telur að hér sé of langt gengið í skattlagningu á venjulegar launatekjur og leggur til að þessar jaðarprósentur verði lækkaðar um 4%. Flytur hann breytingartillögur í samræmi við það.

Samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytis mundi tekjuskattur einstaklinga þá lækka um 420 milljónir króna.

Á hinn bóginn er ljóst að tekjuskattar fyrirtækja eru óheyrilega lágir á Íslandi og einungis 2800 fyrirtæki af 10 600 sem telja fram greiddu tekjuskatta á líðandi ári. Þetta gerist í skjóli frádráttarfrumskógar. Undirritaður telur að grisja beri þann frumskóg og einfalda, draga úr heimildum til frádráttar vegna reiknaðra framlaga í varasjóði og fjárfestingarsjóði og lækka heimildir til fyrningarfrádráttar. Með því ætti að hækka álagðan skatt á fyrirtækin um 650 millj. kr. Yrði þá afgangur um 230 millj. kr. sem færi til þess að bæta stöðu ríkissjóðs.

Alþingi, 15. des. 1986.

Kjartan Jóhannsson,
fundaskr.